

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. apríl 2018 í máli nr. E-583/2017:

LBX ehf.

(Ingimar Ingimarsson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.

(Hrannar Jónsson lögmaður)

1. Mál þetta var höfðað 17. febrúar 2017 og dómtekið 10. apríl 2018. Stefnandi er LBX ehf., Kringlunni 7 í Reykjavík og stefndi er Landsbankinn hf., Austurstræti 11 í Reykjavík. Stefnandi höfðaði framhaldssök sem sameinuð var aðalmálinu 29. júní 2017. Dómari tók við málinu 10. janúar 2018 en hafði fram að þeim tíma ekki haft nein afskipti af meðferð þess.
2. Dómkröfur stefnanda eru; 1) Að viðurkennt verði með dómi að sá hluti lánessamnings nr. SBB – 110611, upphaflega á milli stefnanda og SP fjármögnunar hf. en nú á milli stefnanda og stefnda, sem er verðtryggður beri ekki vexti. Til vara að viðurkennt verði með dómi að verðtryggði hluti lánessamningsins beri ekki breytilega vexti heldur vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. 2) Að viðurkennt verði með dómi að yfirlýsing lögmanns stefnda í greinargerð héraðsdómsmálsins nr. E-583/2017 um að stefnandi hafi greitt 80 af 84 gjalddögum lánessamningsins nr. SBB – 110611 sé skuldbindandi fyrir stefnda. 3) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Stefndi krafðist þess í öndverðu að framhaldssökinni yrði vísað frá dómi en dómari hafnaði þeirri kröfu í þinghaldi 23. október 2017.
3. Stefnandi sótti um lán til bílakaupa frá SP fjármögnun 2. júlí 2008. Umsóknin barst SP fjármögnun fyrir milligöngu bílasölnunnar Bílahallarinnar. Þar var sótt um fyrirgreiðslu sem nam 5.680.000 krónum til kaupa á BMW bifreið. Í umsókninni var óskað eftir að lánið

yrði gengistryggt miðað við tiltekna myntkörfu og þess getið að fyrirvarsmaður stefnanda, Bjarni Hauksson lögmaður gengist í sjálfskuldarábyrgð fyrir láninu. SP fjármögnun samþykkti umsóknina og þann sama dag var undirritaður af aðilum svokallaður bílasamningur. Um var að ræða samning sem fól í sér að leigutakinn, stefnandi, skyldi greiða leigusalanum, stefnda, leigu í tiltekinn tíma, leigusalinn yrði skráður eigandi bílsins á leigutímanum en að honum loknum skyldi leigutakinn eiga rétt á að kaupa hið leigða fyrir 1000 krónur. Samningurinn var því það sem í daglegu tali er nefnt kaupleigusamningur en í raun var um að ræða samning um peningalán með ofangreindum skilmálum. Í samningnum kemur fram að hann skuli að hálfu verða tryggður með fyrrnefndri gengistryggingu en að hálfu eins og lán í íslenskum krónum með verðtryggingu miðað við vísitölu neysluverðs. Á árinu 2010 gengu dómur í Hæstarétti um lögmati gengistryggingar lána af þeim toga sem hér var á ferðinni þar sem niðurstaðan varð sú slíkir gengistryggðir bílasamningar fælu í sér ólögmeta gengistryggingu. Þegar óvissa vegna áhrifa nefndra dóma varð stefnda ljós í sumarbyrjun 2010 ákvað stefndi einhliða að stöðva innheimtu eftir samningnum sem leiddi til þess að stefnandi var ekki krafinn um greiðslur frá í júlí 2010 og fram í mars 2011. Í janúar 2011 var lán stefnanda endurreiknað þannig að öll lánsfjárhæðin, bæði hinn innlendi og hinn gengistryggði hluti lánsins voru endurreiknuð miðað við lægstu óverðtryggðu vexti samkvæmt 4. gr. vaxtalaga. Lánið var eftir þetta innheimt sem eitt verðtryggt íslenskt lán frá í mars 2011. Stefnanda voru sendar tilkynningar um þessa framkvæmd og ekki komu fram nein andmæli af hans hálfu. Gjaldþögum sem frestað hafði verið frá í júlí 2010 og fram í mars 2011 var við þessa framkvæmd bætt aftan við lánið og lánstíminn lengdur sem því nam. SP fjármögnun var sameinað stefnda 2011. Stefnandi sendi stefnda bréf í marsmánuði 2015 þar sem endurreikningunum frá í janúar 2011 var mótmælt. Þar kom fram að stefnandi teldi að hinn íslenski hluti láns (50%) hefði samkvæmt samningi aðila frá öndverðu ekki átt að bera vexti. Krafðist stefnandi nýs endurútreiknings á þessum grundvelli. Sá ágreiningur varð ekki jafnaður með aðilum og því var mál þetta höfðað.

Málsástæður stefnanda

4. Stefnandi telur að ekki liggi fyrir af lánsamningi aðila að hinn íslenski hluti lánsins skyldi bera vexti. Sé enda enga umfjöllun um slíkt að finna

í samningnum eða þeim fylgiskjölum sem teljast hluti hans. Stefnandi telur 2. gr. almennra samningsskilmála samningsins sem er að finna á bakhlið hans svo óljósa og illa fram setta að fráleitt sé að túlka ákvæðið svo að í því felist að stefnandi hafi gengist undir skuldbindingu til að greiða vexti af þessum hluta lánsins. Stefnandi vísar til þess að með því að um sé að ræða staðlaðan samning sem sé saminn einhliða af stefnda beri samkvæmt almennum túlkunarsjónarmiðum samningaréttar að meta hvert það atriði sem vafi teljist vera um stefnda í óhag. Þá bendir stefnandi á að vegna aðstöðumunar aðila og þeirrar staðreyndar að stefndi búi yfir sérfræðipækkingu sem varði gerð fjármálagerna sé einnig þetta sjónarmið til þess fallið að meta skuli hvert það atriði sem vafi teljist vera um stefnda í óhag.

Málsástæður stefnda

5. Stefndi telur að stefnanda hafi verið það ljóst er hann undirritaði hinn undeilda samning aðila að hinn íslenski hluti hans bar breytilega verðtryggða vexti enda hafi stefnandi ekki getað vænst þess að þurfa ekki að greiða vexti af láninu. Stefndi vísar til ákvæða 2. gr. almennra samningsskilmála samningsins sem fjalli um heimild stefnda til að breyta vaxtaálagi á íslenska hluta lánsins. Stefndi vísar einnig til þess að ýmis fylgiskjöl sem hafi legið frammi við samningsgerðina hafi verið þannig fram sett að ekki hafi mátt dyljast stefnanda að hann yrði að greiða vexti af allri fjárhæð lánsins. Þá vísar stefndi til þess að á greiðsluseðlum þeim sem stefnandi fékk senda mánaðarlega hafi vextir vegna hvors hluta lánsins fyrir sig verið skýrlega sundurliðaðir. Stefndi bendir á að stefnandi hafi engar athugasemdir gert við endurútreikning lánsins í janúar 2011 og því hafi stefndi mátt treysta því að hann væri samþykkur niðurstöðum þeirra. Loks telur stefndi að hafi stefnandi getað borið því fyrir sig að hinn íslenski hluti lánsins skyldi ekki bera vexti þá sé réttur hans til þess fallin niður fyrir tómlæti. Þannig hafi stefnandi greitt af láninu án athugasemda bæði fyrir og eftir endurútreikninginn í alls næstum fimm ár.

Niðurstaða

6. Dómurinn telur að stefnandi hafi ekki getað vænst þess eða haft réttmætar væntingar um að helmingur lánsins sem hann tók hjá stefnda væri vaxtalaus. Slík kjör hafa aldrei staðið almenningi til boða í lánaviðskiptum héraendis. Taka má undir það með stefnanda að

framsetning staðlaðra samningsskilmála stefnda sem er að finna í 2. gr. almennra skilmála samningsins á bakhlið hans er ekki vel upp sett. Uppsetning greinarinnar og innbyrðis samhengi gæti auðveldlega verið glegggra. Þrátt fyrir þetta eru skilmálar lánveitingarinnar að mati dómsins nægjanlega skýrir. Þá verður ekki litið framhjá því að fyrirvarsmaður stefnanda er lögmaður og hefur sem slíkur sérstaka þjálfun í lesa og túlka samningstexta. Þá er til þess að líta að stefnandi sýndi af sér mikið tómlæti við gæslu hagsmuna sinna ef hann telur að stefndi hafi staðið rangt að innheimtu hins umdeilda láns. Stefnandi fékk endurútreikning og leiðréttingu á hinum gengistryggða hluta lánsins í janúar 2011 en samtals greiddi hann athugasemdalaust af láninu bæði fyrir og eftir endurútreikninginn í næstum fimm ár. Greiðslurnar innti hann af hendi á grundvelli greiðsluseðla sem bera skýrt með sér sundurliðun vaxta af hinum innlenda og erlenda hluta hins umdeilda láns. Þá getur stefnandi ekki unnið rétt með því að stefndi hafi ranglega í greinargerð sinni lýst því yfir að stefnandi hafi greitt 80 af 84 gjalddögum lánsins. Stefnanda var enda fullljóst hversu stóran hluta lánsins hann hefði greitt og lagði sjálfur fram síðasta greiðsluseðilinn sem hann greiddi og sem ber skýrlega með sér hvað var greitt og hvað ógreitt af láninu. Eftir þessum úrslitum verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað. Ástráður Haraldsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð ;

Stefndi, Landsbankinn hf., er sýkn af kröfum stefnanda, LBX ehf. Stefnandi greiði stefnda eina milljón króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson